

## 2. þing Körfuknattleikssambans Íslands.

Annað ársþing Körfuknattleikssambans Íslands, var haldið sunnudaginn 25. nóv. 1962, að félagsheimili Vals, Hlíðarenda.

Þetta gerðist:

1. Þingsetning. Formaður KKÍ, Bogi Þorsteinsson setti þingið kl. 1415 með stuttri ræðu. Bauð hann fulltrúa velkomna til þings og sérstaklega bauð hann velkominn hinn nýkjörna forseta ÍSÍ, Gísla Halldórsson.  
Formaður gaf því næst forseta ÍSÍ, Gísla Halldórssyni orðið og flutti hann þinginu kveðjur og árnaðaróskir frá stjórn ÍSÍ og þakkaði KKÍ fyrir vel unnin störf. Einnig flutti hann kveðjur frá heiðursforseta ÍSÍ, Ben. G. Wåge, sem ekki gat sótt þingo KKÍ vegna anna, en fleiri þing íþróttasambanda voru haldin þennan dag.
2. Kosnir starfsmenn þingsins. Þingforseti var kjörinn Ásgeir Guðmundsson og tók hann þegar til starfa. Ritarar voru kosnir þeir Magnús Björnsson og Haukur Hannesson.
3. Kosið í fastar nefndir þingsins. Kosið var í þrjár nefndir.  
Kjörbréfanefnd: Magnús Björnsson, Guðjón Magnússon og Einar Bollason.  
Fjárhagsnefnd: Einar Ólafsson, Haukur Hannesson og Guðjón Helgason.  
Laga- og leikreglnanefnd: Helgi Jóhannsson, Einar Bollason, Einar Ólafsson.
4. Skýrsla fráfarandi stjórnar. Formaður KKÍ, Bogi Þorsteinsson flutti skýrslu stjórnarinnar, sem lögð var fram fjölrituð á þinginu og vísast til hennar.

Er formaður hafði lokið máli sínu, skilaði kjörbréfanefnd álit og hafði Magnús Björnsson framsögu fyrir nefndina. Kjörbréf höfðu borist frá 17 fulltrúum, en aðeins voru 9 fulltrúar mættir frá 2 aðilum, þ.e. KKRR og Íþróttabandalagi Suðurnesja. Frá KKRR mættu þessir fulltrúar: Kristján Ragnarsson, Guðmundur Ólafsson, Einar Bollason, Guðjón Magnússon, Haukur Hannesson, Einar Ólafsson, Helgi Jóhannsson. Frá Í.S. mættu Guðjón Helgason og Magnús Björnsson.

Nefndin lagði til að kjörbréf þessara fulltrúa yrðu samþykkt og var það gert, samhljóða.

5. Skýrsla gjaldkera. Gjaldkeri las endurskoðaða reikninga sambandsins og vísast til þeirra, en þeir fylgdu skýrslu stjórnar.

Eftir litlar umræður voru reikningar og skýrsla stjórnar ~~XXX~~ samþykktir samhljóða.

Fjárhagsáætlun lág ekki fyrir frá fráfaramandi stjórn og var fjárhagsnefnd falið að semja fjárhagsáætlun ásamt gjaldkera og skila álitum eftir fundarhlé.

6. Laga- og leikreglnabreytingar. Formaður fylgdi úr hlaði tveim tillögum frá stjórninni og voru þær svohljóðandi:

a) Þing KÍ, haldið í Reykjavík 25. nóv. 1962, samþykkir að keppnisrétt á Íslandsmótum í körfuknattleik hafi þeir einir, sem keypt hafa leyfisbréf, er stjórn KÍ gefur út. Leyfisbréfin gildi fyrir þátttöku í meistaraflokki, I. og II. fl. Þátttaka í yngri flokkum krefst ekki leyfisbréfs. Þing KÍ skal árlega ákveða gjald fyrir leyfisbréfin.

b) Þing KÍ, haldið í Reykjavík 25. nóv. 1962, samþykkir að gjöld fyrir leyfisbréf til þátttöku í Íslandsmótum, skuli vera þessi fyrir árið 1963:

Meistara- og I. fl.	kr. 50,00
II. flokkur	" 25,00

Var báðum tillögum vísað samhljóða til Laga- og leikreglnanefndar.

7. Önnur mál. Einar Bollason og Helgi Jóhannsson báru fram eftirfarandi tillögu: Við undirritaðir berum fram tillögu þess efnis, að gerðar verði breytingar á reglum um aldursskiptingu í körfuknattleik, þannig að aldursskiptingin verði miðuð við 1. sept., en ekki við áramót, eins og tíðkast hefir.

Þessari tillögu var einnig vísað til Laganefndar.

----Fundarhlé----

8. Að loknu fundarhléi skilaði Laga- og leikreglnanefnd álitum og hafði Einar Bollason framsögu. Taldi hann nefndina vilja samþykkja a)-tillögu stjórnarinnar óbreytta, en við b)-tillöguna gerir nefndin breytingu og hljóðar tillagan þá þannig:

Gjöld fyrir leyfisbréf til þátttöku í Íslandsmótum skulu vera fyrir árið 1963:

Meistaraflokkur	kr. 50,00
I. og II. fl.	" 25,00

Ennfremur lagði nefndin til að tillögu um aldursskipting verði vísað til Laga- og leikreglnanefndar KÍ.

Tillögur nefndarinnar voru allar samþykktar samhljóða.

9. Álit fjárhagsnefndar. Fjárhagsnefnd hafði í fundarhléi unnið að uppkasti að fjárhagsáætlun KKI fyrir næsta starfsár. Lagði nefndin uppkastip fyrir þingið, en taldi augljóst að slíkt uppkast væru að mestu ágizkun og því álitamál hvort rétt væri að samþykkja slíka fjárhagsáætlun á þinginu. Nækrar umræður urðu um málið og voru menn sammála, að á meðan ekki væri vitað um árangur af happdrætti sambandsins væri tilgangslaust að semja fjárhagsáætlun. Var að síðustu samþykkt að sleppa sérstakri fjárhagsáætlun, en málinu vísað til stjórnarinnar.

10. Formaður útbreiðslunefndar gaf, samkvæmt ósk, yfirlit yfir störf nefndarinnar, en starfa hennar er getið í skýrslu stjórnar og vísast þar til.

11. Kosning í Körfuknattleiksdómstól. Kjósa skyldi aðalmann og varamann. Kosningu hlutu Þórir Guðmundsson aðalm. og Þorsteinn Hallgrímsson semvaramaður. Körfuknattleiksdómstóll er því þannig skip-

aður næsta starfsár: Þórir Guðmundsson til 3 ára,  
Ingi Þorsteinsson til 2 ára,  
Hafsteinn Guðmundsson til 1 árs.

Varamenn: Þorsteinn Hallgrímsson til 3 ára, Finnbjörn Þorvaldsson til 2 ára og Hermann Hallgrímsson til 1 árs.

12. Kosning stjórnar KKI. Formaður fráfaramandi stjórnar, Bogi Þorsteinsson var endurkjörinn einróma með dýnjandi lófataki.

Kjörnir sem meðstjórnendur voru: Ásgeir Guðmundsson, Einar Ólafsson, Magnús Björnsson, Gunnar Petersen, Halldór Sigurðsson form. útb.nefndar og Einar Bollason form. laganefndar.

Varamenn: Helgi Ágústsson, Ingi Gunnarsson og Ingi Þór Stefánsson. Endurskoðendur voru endurkjörnir þeir: Þórir Guðmundsson og Helgi Sigurðsson.

Samþykkt var að fresta lestri þinggerðar og riturum falið að sjá um ritun hennar og dreyfingu.

Hinn nýkjörni formaður KKI, Bogi Þorsteinsson, þakkaði það traust, sem sér væri sýnt, er hann nú enn á ný væri endurkjörinn til að bera þá ábyrgð, sem fylgdi starfi formanns KKI. Þakkaði fráfaramáni stjórnarmönnum gott samstarf á liðnu starfsári og vonaðist að jafn góður samstarfsandi mundi ríkja í hinn nýju stjórn og ríkt hefði hjá fráfaramandi stjórn.

Forseti þingsins, Ásgeir Guðmundsson, lauk þingfundi með því að þakka Boga Þorsteinssyni fyrir gott og óeigingjarnt starf í þágu körfuknattleiksins og árnaði honum, svo og öðrum, sem störfuðu að eflingu körfuknattleiksíþróttarinnar í landinu, allra heilla á hinu nýbyrjaða starfsári.

Sleit forseti síðan þingi, en þá var kl. rúmlega 17.